



Ársreikningur 2014

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Kt. 580804-2410

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjárfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10
Viðauki: Stjórnarháttayfirlýsing	32

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Landsnet hf. var stofnað árið 2004 á grundvelli raforkulaga sem Alþingi samþykkti árið 2003. Hlutverk Landsnets hf. er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga nr. 65/2003.

Rekstur ársins 2014

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins og heildarafkoma 3,8 milljörðum kr. Eigið fé félagsins í árslok var 19,2 milljarðar kr. samkvæmt efnahagsreikningi, þar af var hlutfé 5,9 milljarðar kr. Fjöldi ársverka hjá félaginu var 125.

Hlutfé í árslok 2014 skiptist á fjóra hluthafa líkt og í ársbyrjun, en þeir eru:

	Eignarhlutur
Landsvirkjun	64,73%
Rarik ohf.	22,51%
Orkuveita Reykjavíkur	6,78%
Orkubú Vestfjarða ohf.	5,98%

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2015 vegna rekstrarársins 2014 og vísar til ársreiknings varðandi breytingar á eigin fé.

Þó ákvæði raforkulaga frá 2011 kveði skýrt á um að arðsemi og þar með tekjumörk fyrirtækisins séu ákveðin fyrir fram til fimm ára þá liggja tekjumörk tímabilsins 2011 – 2015 ekki fyrir nú í ársbyrjun 2015. Síðasti úrskurður Orkustofnunar um arðsemi fyrirtækisins frá 2. október 2012 var felldur úr gildi með ákvörðun kærunefndar raforkumála 2. desember 2013. Gjaldskrá Landsnets og þar með tekjur þess byggja á gjaldskrá sem samþykkt var á grundvelli framangreinds úrskurðar Orkustofnunar um arðsemi. Verði endanlegur úrskurður Orkustofnunar um arðsemi og þar með tekjumörk verulega frábrugðinn framangreindum úrskurði er ljóst að það getur haft umtalsverð áhrif á afkomu og efnahag fyrirtækisins á árinu 2015 og jafnvel til lengri tíma. Vísað er til skýringar 31 um frekari upplýsingar.

Stjórnunarhættir

Stjórn Landsnets hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarskóp, reglur um hæfi stjórnarmanna, reglur um þagnarskyldu, upplýsingargjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Til frekari upplýsinga er vísað í stjórnarháttayfirlýsingu sem er viðauki við ársreikning félagsins.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2014 og rekstrarafkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2014.

Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við (sjá skýringar 29 og 31).

Stjórn og forstjóri Landsnets hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2014 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. febrúar 2015

Stjórn:

Geir A. Gunnlaugsson
Svana Helen Björnsdóttir
Ómar Benediktsson

Forstjóri:

Guðmundur Ingi Ásmundsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Landsnets hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landsnets hf. fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 19. febrúar 2015

KPMG ehf.

Sæmundur Valdimarsson

Rekstrarreikningur ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Tekjur af raforkuflutningi	5,6	14.227.404	13.717.748
Aðrar tekjur	7	123.002	156.534
		14.350.406	13.874.282
Rekstrargjöld			
Orkukaup og kerfisþjónusta	8	1.763.886	1.499.804
Rekstur flutningskerfis	9,10	4.235.226	3.793.580
Kerfisstjórn	9,10	1.111.813	1.087.733
Annar rekstrarkostnaður	9,10	1.065.329	925.417
		8.176.254	7.306.534
Rekstrarhagnaður		6.174.152	6.567.748
Fjármunatekjur		1.125.451	141.041
Fjármagnsgjöld		(2.644.510)	(4.010.935)
Hrein fjármagnsgjöld	11	(1.519.059)	(3.869.894)
Áhrif hlutdeildarfélags	16	38.303	25.055
Hagnaður fyrir tekjuskatt		4.693.396	2.722.909
Tekjuskattur	12,24	(931.155)	(539.511)
Hagnaður		3.762.241	2.183.398
Hagnaður á hlut:			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hverja krónu hlutafjár	22	0,64	0,37

Skýringar nr. 1 til 35 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Yfirlit um heildarafkomu ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Hagnaður		<u>3.762.241</u>	<u>2.183.398</u>
Liðir í heildarafkomu færðir á eigið fé		<u>0</u>	<u>0</u>
Heildarhagnaður ársins		<u><u>3.762.241</u></u>	<u><u>2.183.398</u></u>

Skýringar nr. 1 til 35 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

Eignir	Skýr.	2014	2013
Rekstrarfjármunir	13	63.771.382	63.197.621
Flutningsvirki í byggingu	13	809.211	1.086.550
Óefnislegar eignir	14	1.479.695	1.392.994
Eignarhlutur í dótturfélagi	15	500	500
Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi	16	707.209	668.906
Langtímakröfur		11.643	23.286
Fastafjármunir		<u>66.779.640</u>	<u>66.369.857</u>
Birgðir	17	549.804	519.313
Viðskiptakröfur á móðurfélag	32	702.735	0
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	18	1.121.663	567.397
Markaðsverðbréf	19	470.971	234.344
Handbært fé	20	12.234.663	9.917.204
Veltufjármunir		<u>15.079.836</u>	<u>11.238.258</u>
Eignir samtals		<u><u>81.859.476</u></u>	<u><u>77.608.115</u></u>
Eigið fé			
Hlutafé		5.902.733	5.902.733
Lögbundinn varasjóður		227.774	0
Endurmatsreikningur		10.460.730	11.027.997
Óráðstafað eigið fé (ójafnað tap)		2.617.237	(1.484.497)
Eigið fé	21	<u>19.208.474</u>	<u>15.446.233</u>
Skuldir			
Vaxtaberandi skuld við móðurfélag	23	44.692.176	44.235.700
Aðrar vaxtaberandi langtímaskuldir	23	9.955.162	10.852.410
Tekjuskattsskuldbinding	24	2.674.787	2.331.443
Fyrirframinnheimtar tekjur	25	354.109	369.222
Niðurrifsskuldbinding	26	819.766	775.163
Langtímaskuldir		<u>58.496.000</u>	<u>58.563.938</u>
Skuldir við móðurfélag	23	1.463.420	1.936.526
Næsta árs afborganir vaxtaberandi langtímaskulda	23	919.008	914.607
Tekjuskattur til greiðslu	24	587.811	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	28	1.184.763	746.811
Skammtímaskuldir		<u>4.155.002</u>	<u>3.597.944</u>
Skuldir samtals		<u>62.651.002</u>	<u>62.161.882</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>81.859.476</u></u>	<u><u>77.608.115</u></u>

Skýringar nr. 1 til 35 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Eiginfjárfirlit ársins 2014

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	(Ójafnað tap) óráðstafað eigið fé	Samtals
Árið 2013:					
Eigið fé 1. janúar 2013.....	5.902.733	0	11.593.238	(4.233.136)	13.262.835
Heildarhagnaður ársins.....				2.183.398	2.183.398
Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna...			(565.241)	565.241	0
Eigið fé 31. desember 2013.....	5.902.733	0	11.027.997	(1.484.497)	15.446.233
Árið 2014:					
Eigið fé 1. janúar 2014.....	5.902.733	0	11.027.997	(1.484.497)	15.446.233
Heildarhagnaður ársins.....				3.762.241	3.762.241
Lagt í lögbundinn varasjóð.....		227.774		(227.774)	0
Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna...			(567.267)	567.267	0
Eigið fé 31. desember 2014.....	5.902.733	227.774	10.460.730	2.617.237	19.208.474

Skýringar nr. 1 til 35 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		6.174.152	6.567.748
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður rekstrarfjármuna		0	(865)
Afskriftir	10	2.967.730	2.597.921
Veltufé frá rekstri án fjármagnsliða		9.141.882	9.164.804
Rekstartengdar eignir, (hækkun) lækkun	(1.269.593)	791.449
Rekstartengdar skuldir, hækkun (lækkun)		194.992	(459.392)
Handbært fé frá rekstri án fjármagnsliða		8.067.281	9.496.861
Innborgaðar vaxtatekjur		143.891	141.041
Greidd vaxtagjöld og gengismunur	(1.980.531)	(1.904.633)
Handbært fé frá rekstri		6.230.641	7.733.269
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í flutningsvirkjum	13	(2.672.056)	(5.949.468)
Aðrar fjárfestingar	13	(936.078)	(461.312)
Söluverð fastafjármuna		0	2.697
Afborganir langtímakrafna		11.643	0
Markaðsverðbréf, breyting		(254.526)	0
Fjárfestingarhreyfingar		(3.851.017)	(6.408.083)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		(907.061)	(913.374)
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting		0	88.500
Fjármögnunarhreyfingar		(907.061)	(824.874)
Hækkun á handbæru fé		1.472.563	500.312
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		844.896	(892.880)
Handbært fé í ársbyrjun		9.917.204	10.309.772
Handbært fé í árslok	20	12.234.663	9.917.204

Skýringar nr. 1 til 35 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Skýringar

1. Félagið

Landsnet hf. er með lögheimili að Gylfaflöt 9, Reykjavík. Félagið er dótturfélag Landsvirkjunar og er ársreikningur Landsnets hf. hluti af samstæðureikningi Landsvirkjunar. Félagið var stofnað á árinu 2004 á grundvelli raforkulaga sem Alþingi samþykkti árið 2003. Hlutverk þess er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun á Íslandi samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga nr. 65/2003, og er því óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 19. febrúar 2015.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir félagsins eru í skýringu 35.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

4. Mat og áætlanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þessar eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana um reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýringar nr. 13 og 35c - rekstrarfjármunir
- Skýringar nr. 14 og 35d - ófnislegar eignir
- Skýringar nr. 26 og 35j - niðurrifsskuldbinding
- Skýring nr. 24 og 35n - tekjuskattsskuldbinding

Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir og skýringar í ársreikningi félagsins krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað, bæði á fjáreignum og fjárskuldum og öðrum eignum og skuldum. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur gangvirðis eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir eða skuldir. Landsnet hf. endurmetur hluta fastafjármuna til gangvirðis sbr. skýringu 13, sem og markaðsverðbréf sbr. skýringu 19. Aðrar eignir og skuldir félagsins eru ekki færðar á gangvirði.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er metið á núvirði vænts framtíðargreiðslufélags, sem afvaxtað er á markaðsvöxtum uppgjörsdags.

Fjárskuldir sem ekki teljast afleiður

Gangvirði, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað núvirði framtíðarsjóðflæðis höfuðstóls og vaxta, afvaxtað með markaðsvöxtum á uppgjörstegi.

5. Tekjur af raforkuflutningi

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35k

Tekjur af flutningi raforku greinast þannig:	2014	2013
Orkuflutningur	12.184.594	12.277.156
Flutningstap og kerfisþjónusta	1.906.911	1.320.226
Þjónustutekjur	41.777	30.950
Innmötunargjald	94.122	89.416
Tekjur af raforkuflutningi samtals	14.227.404	13.717.748

Stærstu viðskiptamenn félagsins eru einnig hluthafar í félaginu. Frekari upplýsingar um tekjur frá hluthöfum má finna í skýringu nr. 32 um tengda aðila.

Skýringar, frh.:

	2014	2013
6. Orkuflutningur		
Orkuflutningur greinist þannig:		
Orkuflutningur til stórnotenda	8.459.538	8.785.696
Orkuflutningur til dreifiveitna	3.725.056	3.491.460
Orkuflutningur samtals	<u>12.184.594</u>	<u>12.277.156</u>
7. Aðrar tekjur		
Aðrar tekjur greinast þannig:		
Verk- og efnissölutekjur	53.057	74.501
Húsaleigutekjur	26.385	8.828
Tekjur vegna upprunaábyrgða og vottana	38.961	70.823
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	0	865
Aðrar tekjur	4.599	1.517
Aðrar tekjur samtals	<u>123.002</u>	<u>156.534</u>
8. Orkukaup og kerfisþjónusta		
Orkukaup og kerfisþjónusta greinast þannig:		
Orkukaup vegna flutningstapa	1.091.576	854.946
Kerfisþjónustukaup	672.310	644.858
Orkukaup og kerfisþjónusta samtals	<u>1.763.886</u>	<u>1.499.804</u>
9. Laun og launatengd gjöld		
Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35i		
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	1.248.163	1.182.882
Iðgjaldatengdar lífeyrisgreiðslur	159.491	143.152
Réttindatengdar lífeyrisgreiðslur	7.281	8.178
Önnur launatengd gjöld	126.856	126.828
Eignfærð laun	(185.366)	(210.047)
Gjaldfærð laun og launatengd gjöld samtals	<u>1.356.425</u>	<u>1.250.993</u>
Gjaldfærð laun og launatengd gjöld skiptast þannig:		
Rekstur flutningskerfis	457.159	415.458
Kerfisstjórn	509.957	480.889
Annar rekstrarkostnaður	389.309	354.646
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>1.356.425</u>	<u>1.250.993</u>
Stöðugildi að meðaltali	125	122
Stöðugildi í árslok umreiknuð í heilsársstörf	113	114
Laun stjórnar, forstjóra og tveggja framkvæmdastjóra voru sem hér segir:		
Laun stjórnar	6.611	6.486
Laun og hlunnindi forstjóra	17.015	15.440
Laun og hlunnindi tveggja framkvæmdastjóra	45.966	41.621

Í lok ársins 2014 urðu breytingar á yfirstjórn félagsins og er uppgjör launa vegna þeirra breytinga fært á árinu 2014.

Skýringar, frh.:

10. Afskriftir	2014	2013
Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35c og 35d		
Afskriftir greinast þannig:		
Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 13	2.737.096	2.509.721
Afskriftir og virðisrýmun óefnislegra eigna, sbr. skýringu 14	230.634	88.200
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	<u>2.967.730</u>	<u>2.597.921</u>
Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi:		
Rekstur flutningskerfis	2.792.187	2.436.690
Kerfisstjórn	69.013	66.277
Annar rekstrarkostnaður	106.530	94.954
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	<u>2.967.730</u>	<u>2.597.921</u>
11. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		
Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35m		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur af bankareikningum	116.685	129.748
Tekjur af verðbréfaeign	27.206	11.293
Gengismunur	981.560	0
Fjármunatekjur samtals	<u>1.125.451</u>	<u>141.041</u>
Vaxtagjöld	(2.181.395)	(2.161.747)
Verðbætur	(511.459)	(1.751.913)
Gengismunur	0	(328.397)
Áhrif núvirðingar niðurrifsskuldbindingar	(43.698)	(40.856)
Eignfærðir vextir vegna flutningsvirkja í byggingu	92.042	271.978
Fjármagnsgjöld samtals	<u>(2.644.510)</u>	<u>(4.010.935)</u>
Hrein fjármagnsgjöld	<u>(1.519.059)</u>	<u>(3.869.894)</u>
Fjármagnskostnaður vegna bygginga á flutningsvirkjum að fjárhæð 92 millj. kr. (2013: 272 millj. kr.), er eignfærður og hefur verið færður til lækkunar á fjármagnsgjöldum í rekstrarreikningi.		
Eignfærður fjármagnskostnaður nam 4,8% af bundnu fé í flutningsvirkjum í byggingu á árinu (2013: 7,0%). Um er að ræða meðaltals fjármagnskostnað félagsins á árinu.		
12. Tekjuskattur		
Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35n		
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:		
Frestaður tekjuskattur ársins	(343.344)	(539.511)
Tekjuskattur til greiðslu	(587.811)	0
Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi	<u>(931.155)</u>	<u>(539.511)</u>
Breyting tekjuskattsskuldbindingar greinist þannig:		
Breyting á tímabundnum mismun	(152.137)	120.199
Nýting á yfirferanlegu skattalegu tapi	(191.207)	(659.710)
Breyting tekjuskattsskuldbindingar	<u>(343.344)</u>	<u>(539.511)</u>

Skýringar, frh.:

12. Tekjuskattur, frh.:

	2014		2013	
Afstemming á virku skatthlutfalli				
Hagnaður fyrir tekjuskatt		4.693.396		2.722.909
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli				
Áhrif hlutdeildarfélaganna (20,0%	(938.679)	20,0%	(544.582)
Annað	0,2%	7.661	0,2%	5.011
Virkur tekjuskattur	0,0%	(137)	0,0%	60
	19,8%	(931.155)	19,8%	(539.511)

13. Rekstrarfjármunir

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35c

Forsendur endurmats rekstrarfjármuna

Í samræmi við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli voru línur og tengivirki félagsins endurmetnar á árinu 2008. Við endurmatið var beitt tvenns konar aðferðum. Annars vegar var litið til áætlaðs endurbýggingarkostnaðar flutningskerfisins, sem var metinn af óháðum sérfræðingum í ársbyrjun 2008 og framreiknaður til ársloka 2008. Hins vegar var lagt mat á rekstrarvirði með sjóðstreymisgreiningu. Matstímabilið var frá 2009 til 2013 og eftir það reiknað framtíðarvirði rekstrar. Endurmat ársins 2008 byggðist á rekstrarvirði og voru helstu forsendur þess rekstraráætlanir félagsins fyrir árin 2009-2013, 30% eiginfjárlutfall, að gjaldskrá félagsins fyrir flutning til dreifiveita fylgdi verðlagsþróun á Íslandi, gjaldskrá félagsins fyrir flutning til stórnótenda fylgdi verðlagsbreytingum í Bandaríkjunum og við mat á vegnum meðalfjármagnskostnaði (WACC) var tekið mið af sambærilegum fyrirtækjum erlendis. Það er mat stjórnenda að ekki séu forsendur til endurmats rekstrarfjármuna á árinu 2014. Endurmatið fellur undir stig 3 í stigveldi gangvirðis.

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Tengivirki	Háspennu- línur	Aðrir fasta- fjármunir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1.1.2013	23.084.752	47.408.117	3.489.244	73.982.113
Viðbætur á árinu	500.107	175.437	311.121	986.665
Flutt af flutningsvirkjum í byggingu	3.564.171	2.532.923	0	6.097.094
Selt og aflagt	0	0	(5.672)	(5.672)
Staða 31.12.2013	27.149.030	50.116.477	3.794.693	81.060.200
Viðbætur á árinu	587.873	173.209	392.789	1.153.871
Flutt af flutningsvirkjum í byggingu	2.051.466	105.521	0	2.156.987
Staða 31.12.2014	29.788.369	50.395.207	4.187.482	84.371.058
Afskriftir og virðisrýrnun				
Staða 1.1.2013	4.774.360	9.699.091	883.247	15.356.698
Afskriftir ársins	797.613	1.533.159	178.949	2.509.721
Selt og aflagt	0	0	(3.840)	(3.840)
Staða 31.12.2013	5.571.973	11.232.250	1.058.356	17.862.579
Afskriftir ársins	926.411	1.613.287	197.398	2.737.096
Staða 31.12.2014	6.498.384	12.845.537	1.255.754	20.599.675
Bókfært verð				
1.1.2013	18.310.392	37.709.026	2.605.997	58.625.415
31.12.2013	21.577.057	38.884.227	2.736.337	63.197.621
31.12.2014	23.289.985	37.549.670	2.931.728	63.771.382

Skýringar, frh.:

13. Rekstrarfjármunir, frh.:

	Tengivirki	Háspennu- línur	Aðrir fasta- fjármunir	Samtals
Bókfært verð án endurmats				
1.1.2013	15.794.313	25.733.557	2.605.997	44.133.867
31.12.2013	19.182.702	27.493.585	2.736.337	49.412.624
31.12.2014	21.021.349	26.742.393	2.931.728	50.695.470

Fasteignamat og vátryggingarverð

Fasteignamat þeirra eigna fyrirtækisins sem metnar eru í fasteignamati nemur um 3,2 milljörðum kr. (2013: 2,8 milljarðar kr.). Brunabótamat sömu eigna nemur um 5,5 milljörðum kr. (2013: 5,2 milljarðar kr.) og bókfært verð 4,0 milljörðum kr. (2013: 3,6 milljarðar kr.). Vátryggingafjárhæð eigna fyrirtækisins, annarra en háspennulína og strengja sem tryggð eru með viðlagatryggingu, nemur 53,5 milljörðum kr. (2013: 47,5 milljarðar kr.). Félagið er með viðlagatryggingu að fjárhæð 113,1 milljarðar kr. (2013: 109,9 milljarðar kr.).

Flutningsvirki í byggingu

	2014	2013
Staða 1.1.	1.086.550	1.769.671
Viðbætur á árinu	1.765.113	5.364.675
Flutt á rekstrarfjármuni	(2.156.987)	(6.097.094)
Flutt af undirbúningskostnaði	114.535	49.298
Staða 31.12.	809.211	1.086.550

14. Óefnislegar eignir:

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35d

	Undirbúnings- kostnaður	Hugbúnaður	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1.1.2013	1.482.113	391.844	1.873.957
Viðbætur á árinu	118.607	35.655	154.262
Flutt á flutningsvirki í byggingu	(49.298)	0	(49.298)
Staða 31.12.2013	1.551.422	427.499	1.978.921
Viðbætur á árinu	349.717	82.153	431.870
Flutt á flutningsvirki í byggingu	(114.535)	0	(114.535)
Staða 31.12.2014	1.786.604	509.652	2.296.256
Afskriftir og virðisrýrnun			
Staða 1.1.2013	220.489	277.238	497.727
Afskriftir og virðisrýrnun ársins	75.307	12.893	88.200
Staða 31.12.2013	295.796	290.131	585.927
Afskriftir og virðisrýrnun ársins	211.376	19.258	230.634
Staða 31.12.2014	507.172	309.389	816.561
Bókfært verð			
1.1.2013	1.261.624	114.606	1.376.230
31.12.2013	1.255.626	137.368	1.392.994
31.12.2014	1.279.432	200.263	1.479.695

Skýringar, frh.:

14. Óefnislegar eignir, frh.:

Undirbúningskostnaður er á hverju ári yfirfarinn af stjórnendum Landsnets hf. og athugað er hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun. Ef stjórnendur telja að virðisrýrnun hafi orðið er sá undirbúningskostnaður færður til gjalda sem virðisrýrnun.

15. Eignarhlutur í dótturfélagi

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35e

Eignarhlutur í dótturfélagi:

	2014		2013	
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Landsnet ehf.	100,00%	500	100,00%	500

Eignarhlutur félagsins í Landsneti ehf. er færður á kostnaðarverði. Enginn rekstur hefur verið í félaginu frá stofnun.

16. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35f

Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi:

	2014	2013	2014	2013
	Afkomu- hlutdeild	Afkomu- hlutdeild	Bókfært verð	Bókfært verð
Orkufjarskipti hf. 50%	38.303	25.055	707.209	668.906

17. Birgðir

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35g

Birgðir félagsins eru varahlutir og efnisbirgðir. Ekki var færð niðurfærsla á birgðum félagsins á árunum 2014 og 2013.

18. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35b

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur:

	2014	2013
Viðskiptakröfur	838.817	405.808
Aðrar skammtímakröfur	282.846	161.589
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	1.121.663	567.397

19. Markaðsverðbréf

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35b

Markaðsverðbréf í eigu félagsins eru skráð í kauphöll. Þau eru auðseljanleg, en flokkast ekki sem handbært fé þar sem líftími þeirra er lengri en þrjú mánuðir. Mat markaðsverðbréfa fellur undir stig 1 í stigveldi gangvirðis.

20. Handbært fé

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35b

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

Skýringar, frh.:

21. Eigið fé

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35b

Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 5.903 millj. kr. í árslok. Félagið á engin eigin bréf. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

Endurmatsreikningur

Endurmatsreikningur félagsins samanstendur af endurmatshækkun rekstrarfjármuna að frádregnum tekjuskattsáhrifum. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning og millifærðar á sama tíma af endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé (ójafnað tap).

Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um hlutfélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutfjár í varasjóði, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð. Í varasjóðinn skal leggja 10% af hagnaði hvers árs þar til sjóðurinn nemur 10% af nafnverði hlutfjár, en 5% eftir það.

Arður

Félagið greiddi hvorki arð á árinu 2014 vegna rekstrarársins 2013, né á árinu 2013 vegna rekstrarársins 2012.

22. Hagnaður á hlut

2014

2013

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35b

Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut:

Hagnaður til hluthafa	3.762.241	2.183.398
Vegið meðaltal útstandandi hluta í árslok	5.902.733	5.902.733
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	0,64	0,37

23. Vaxtaberandi skuldir

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35b

Hér eru upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

Langtímaskuldir

2014

2013

Verðtryggt skuldabréfalán frá móðurfélagi í íslenskum krónum, fastir vextir	44.692.176	44.235.700
Lánasamningur í svissneskum frönkum (CHF), Libor vextir + álag	5.639.308	6.436.052
Verðtryggt skuldabréfalán í íslenskum krónum, fastir vextir	5.234.862	5.330.965
	55.566.346	56.002.717
Næsta árs afborgun langtímaskulda	(919.008)	(914.607)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	54.647.338	55.088.110

Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir við móðurfélag greinast þannig:

Áfallnir vextir langtímalána	1.463.420	1.448.473
Skammtímaskuldir við móðurfélag samtals	1.463.420	1.448.473

Skuldabréfalán frá móðurfélagi er verðtryggt kúlulán með gjalddaga höfuðstóls árið 2020 og árlegan vaxtagjalddaga. Verðtryggt skuldabréfalán frá þriðja aðila eru jafngreiðslubríf til 25 ára, en lokagjalddagi er árið 2034. Lánasamningur í svissneskum frönkum (CHF) er skuldabréf með jöfnum afborgunum og lokagjalda árið 2022.

Skýringar, frh.:

23. Vaxtaberandi skuldir, frh.: Skilmálar vaxtaberandi skulda

Lokagjalddagi	2014		2013		
	Vegnir meðalvextir	Bókfært verð	Vegnir meðalvextir	Bókfært verð	
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:					
Skuldir í CHF	2022	0,30%	5.639.308	0,31%	6.436.052
Skuldir í íslenskum krónum:					
Verðtryggðar	2020 og 2034	4,30%	49.927.038	4,30%	49.566.665
Vaxtaberandi skuldir samtals			55.566.346		56.002.717
Afborganir greinast þannig á næstu ár:			2014	2013	
Árið 2015/2014			919.008	914.607	
Árið 2016/2015			927.468	922.577	
Árið 2017/2016			936.356	930.950	
Árið 2018/2017			945.693	939.747	
Árið 2019/2018			955.504	948.989	
Síðar			50.882.317	51.345.847	
			55.566.346	56.002.717	

24. Tekjuskattskuldbinding

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35n

Tekjuskattskuldbinding félagsins greinist þannig:

Tekjuskattskuldbinding 1. janúar	2.331.443	1.791.932
Tekjuskattur ársins færður í rekstrarreikning	931.155	539.511
Tekjuskattur til greiðslu	(587.811)	0
Tekjuskattskuldbinding 31. desember	2.674.787	2.331.443

Tekjuskattskuldbinding greinist þannig í árslok:

Rekstrarfjármunir	2.604.009	2.609.784
Óefnislegar eignir	189.042	208.035
Aðrar eignir	20.913	0
Niðurrifsskuldbinding	(163.953)	(155.033)
Aðrar skuldbindingar	(84.206)	(86.162)
Óinnleystur gengismunur	108.982	(53.974)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	0	(191.207)
Tekjuskattskuldbinding 31. desember	2.674.787	2.331.443

25. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur eru vegna tengigjalda sem raforkukaupendur hafa greitt félaginu. Þær námu í árslok 369 millj. kr. (2013: 384 millj. kr.). Sá hluti fyrirframinnheimtra tekna sem tekjufærður verður á næsta ári er færður meðal skammtímaskulda. Tekjufærð tengigjöld á árinu 2014 námu 15 millj. kr. (2013: 12 millj. kr.).

26. Niðurrifsskuldbinding

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35j

Breyting skuldbindingar vegna niðurrifs greinist þannig:

	2014	2013
Staða 1.1.	775.163	734.307
Bakfærsla núvirðingar á árinu	43.699	40.856
Hækkun skuldbindingar	904	0
Staða í árslok	819.766	775.163

Skýringar, frh.:

26. Niðurrifsskuldbinding, frh.:

Stofnverð rekstrarfjármuna innifelur áætlaðan kostnað við niðurrif þeirra að lokinni notkun. Áætlaður niðurrifskostnaður lína hefur verið metinn og núvirtur miðað við forsendur um nýtingartíma. Á móti hefur verið færð skuldbinding meðal langtímaskulda. Í rekstrarreikning er breyting á skuldbindingunni vegna núvirðingar, sem miðuð er við 6,9% vexti (2013: 6,9%), færð meðal fjármagnsgjalda, auk afskrifta meðal rekstrarkostnaðar.

27. Lífeyrisskuldbinding

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35i

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins reiknar í lok hvers árs áfallna lífeyrisskuldbindingu sem myndast hefur á því ári. Tryggingafræðilegt mat miðast við að áfallin skuldbinding vegna ársins sé reiknuð til núvirðis í árslok með þeim ársvöxtum, sem almennt eru notaðir við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða, nú 3,5%. Á árinu 2014 eru gjaldfærðar 7 millj. kr. vegna þessa (2013: 8 millj. kr.), en áfallin lífeyrisskuldbinding er gerð upp árlega.

28. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35b

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	2014	2013
Viðskiptaskuldir	847.191	419.108
Aðrar skammtímaskuldir	337.572	327.703
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	1.184.763	746.811

29. Fjármálagerningar

Stýring fjárhagslegrar áhættu

Eftirfarandi áhætta fylgir fjármálagerningum félagsins:

- Mótaðilaáhætta
- Lausafjáraáhætta
- Markaðsáhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og draga úr áhættum, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu þess. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víðar í ársreikningnum.

Stjórn félagsins ber að innleiða og hafa eftirlit með fjármálalegri áhættu þess. Stjórnin sækir ráðgjöf vegna fjármálalegrar áhættu bæði til starfsmanna félagsins og utanaðkomandi ráðgjafa og ræðir reglulega á stjórnarfundum.

Markmið félagsins með virku eftirliti með fjármálalegri áhættu er að uppgötva og greina áhættuþætti tímanlega, greina þær áhættur sem félagið býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna félagsins og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins.

Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Mótaðilaáhætta félagsins er aðallega vegna viðskiptakrafna og ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Helstu viðskiptavinir félagsins eru raforkuframleiðendur, dreifingaraðilar raforku og stórnotendur. Stærstu viðskiptamenn félagsins eru einnig hluthafar í félaginu. Um 86% (2013: 87%) af flutningstekjum félagsins eru vegna viðskipta við hluthafa félagsins.

Skýringar, frh.:

29. Fjármálagerningar, frh.:

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

	2014	2013
Langtímakröfur	23.286	34.929
Viðskiptakröfur á móðurfélag	702.735	0
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	1.110.020	555.754
Markaðsverðbréf	470.971	234.344
Handbært fé	12.234.663	9.917.204
Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu	14.541.675	10.742.231

Niðurfærsla

Hvorki var færð niðurfærsla vegna viðskiptakrafna í árslok né gjaldfærðar tapaðar kröfur á árinu og byggir það á mati og reynslu stjórnenda. Reglulega er fylgst með innheimtumálum félagsins.

Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins.

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

	Bókfært	Samnings- bundið sjóðstreymi	Innan árs	Eftir 1-2 ár	Eftir 2-5 ár	Meira en 5 ár
2014						
Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:						
Skuldir við						
móðurfélag	46.155.596	55.981.420	1.881.541	1.881.541	5.644.622	46.573.716
Langtímask.	10.874.170	13.942.350	1.205.789	1.202.673	3.374.244	8.159.644
Viðskiptask. og aðrar skammt.sk.	1.184.763	1.184.763	1.184.763	0	0	0
	58.214.529	71.108.533	4.272.093	3.084.214	9.018.866	54.733.360

2013

Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:

Skuldir við						
móðurfélag	45.684.173	57.271.961	1.862.323	1.862.323	5.586.969	47.960.346
Langtímask.	11.767.017	15.144.891	1.239.031	1.225.321	3.698.011	8.982.528
Viðskiptask. og aðrar skammt.sk.	1.234.864	1.234.864	1.234.864	0	0	0
	58.686.054	73.651.716	4.336.218	3.087.644	9.284.980	56.942.874

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerninga þess. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Skýringar, frh.:

29. Fjármálagæringar, frh.:

Gjaldmiðlagengisáhætta

Gengisáhætta er sú áhætta að fé tapist vegna óhagstæðra breytinga á gengi gjaldmiðla. Félagið býr við gengisáhættu vegna tekna, innkaupa og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli félagsins. Starfrækslugjaldmiðill félagsins er íslenskar krónur og myndast því gengisáhætta af nettó sjóðstreymi og opinni stöðu efnahagsreiknings í öðrum myntum en íslenskum krónum. Meiri hluti tekna félagsins er í bandarískum dollurum (USD) og á árinu 2014 voru 58,8% heildartekna félagsins í bandarískum dollurum (2013: 62,7%). Innkaup eru aðallega í íslenskum krónum, en þó er hluti innkaupa í öðrum myntum, aðallega í evru (EUR) og svissneskum frönskum (CHF). Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru bandarískir dollarar (USD) og svissneskur franki (CHF). Á árinu 2015 er áætlað að 64,4% heildartekna félagsins verði í bandarískum dollurum (USD).

Félagið ver sig að jafnaði ekki fyrir gjaldmiðlagengisáhættu, en metur reglulega myntsamsetningu skulda félagsins á móti myntsamsetningu tekna og eigna.

Lántaka félagsins í svissneskum frönskum (CHF), myndar gengisáhættu en vextir af þessu láni eru lægri en af lánnum sem félagið tekur í íslenskum krónum.

Áhætta félagsins vegna helstu erlendra gjaldmiðla er sem hér segir:

	EUR	CHF	USD
2014			
Handbært fé	7.177	8.476	10.509.162
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	526	0	277.192
Vaxtaberandi langtímaskuldir	0	(5.639.308)	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	(80.814)	(5.569)	(3.788)
Áhætta í efnahagsreikningi	(73.111)	(5.636.401)	10.782.566

2013

Handbært fé	10.991	25.987	8.541.356
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	424	0	294.025
Vaxtaberandi langtímaskuldir	0	(6.436.052)	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	(61.263)	(6.506)	(15.680)
Áhætta í efnahagsreikningi	(49.848)	(6.416.571)	8.819.701

	Meðalgengi		Árslokagengi	
	2014	2013	2014	2013
Gjaldmiðlar				
EUR	154,86	162,38	154,27	158,50
CHF	127,50	131,91	128,29	129,19
USD	116,75	122,23	126,90	115,03

Næmigreining

Styrking íslensku krónunnar um 10% gagnvart eftirtöldum gjaldmiðlum þann 31. desember hefði hækkað (lækkað) afkomu félagsins eftir tekjuskatt um eftirfarandi fjárhæðir. Áhrif annarra erlendra gjaldmiðla eru óveruleg. Greiningin byggist á að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2013.

	2014	2013
EUR	5.849	3.988
CHF	450.912	513.326
USD	(862.605)	(705.576)

Veiking íslensku krónunnar um 10% gagnvart gjaldmiðlunum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist óbreyttar.

Skýringar, frh.:

29. Fjármálagerningar, frh.:

Vaxtaáhætta

Félagið býr við vaxtaáhættu vegna vaxtaberandi eigna og skulda. Lántökur félagsins eru bæði með breytilegum vöxtum og föstum vöxtum með verðbótum, en stærstur hluti lána félagsins ber fasta innlenda vextir ofaná verðtryggingu samanber skýringu nr. 23. Hlutfall vaxtaberandi skulda með breytilega vexti er 10% samanborið við 11% í árslok 2013.

Vaxtaberandi fjármálagerningar félagsins í árslok greinast þannig:

	Bókfært verð	
	2014	2013
Fjármálagerningar með breytilega vexti		
Fjáreignir	12.728.920	10.186.477
Fjárskuldir	(5.639.308)	(6.436.052)
	<u>7.089.612</u>	<u>3.750.425</u>
Fjármálagerningar með fasta vexti		
Fjárskuldir	(49.927.038)	(49.566.665)

Næmigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með fasta vexti

Skuldir félagsins sem eru með fasta vextir eru annars vegar kúlulán með einni afborgun árið 2020 við móðurfélag félagsins og hins vegar jafngreiðslu skuldabréfalán til 25 ára. Þessar skuldir eru ekki færðar á gangvirði. Því eiga breytingar á markaðsvöxtum á uppgjörsdegi ekki að hafa áhrif á rekstrareikning félagsins.

Næmigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með breytilega vexti

Breyting á vöxtum um 100 punkta myndi hækka (lækka) afkomu um eftirfarandi fjárhæðir eftir tekjuskatt. Greiningin byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi erlendra gjaldmiðla, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2013.

	Afkoma	
	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun
31. desember 2014		
Fjármálagerningar með breytilega vexti	43.360	(77.010)
Næmni sjóðstreymis (nettó)	<u>43.360</u>	<u>(77.010)</u>
31. desember 2013		
Fjármálagerningar með breytilega vexti	26.061	(65.027)
Næmni sjóðstreymis (nettó)	<u>26.061</u>	<u>(65.027)</u>

Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda í efnahagsreikningi greinist þannig:

	31.12.2014		31.12.2013	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir við móðurfélag, langtíma	(44.692.176)	(47.580.197)	(44.235.700)	(49.842.048)
Aðrar vaxtaberandi langtímaskuldir	(10.874.170)	(11.907.963)	(11.767.017)	(13.115.500)
	<u>(55.566.346)</u>	<u>(59.488.160)</u>	<u>(56.002.717)</u>	<u>(62.957.548)</u>

Gangvirði annarra fjármálagerninga er jafnt bókfærðu verði þeirra.

Vextir við mat á gangvirði

Við núvirðingu vænts sjóðstreymis eru notaðir vextir af ríkisskuldabréfum auk 0,4 prósentustiga álags á uppgjörsdegi. Sama álag var notað við núvirðingu vænts sjóðstreymis árið 2013.

Skýringar, frh.:

29. Fjármálagerningar, frh.:

Flokkun fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

	Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	Lán og kröfur	Fjárskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðar- verði	Bókfært virði
2014				
Langtímakröfur		11.643		11.643
Kröfur á móðurfélag		702.735		702.735
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		1.121.663		1.121.663
Markaðsverðbréf	470.971			470.971
Handbært fé		12.234.663		12.234.663
	<u>470.971</u>	<u>14.070.704</u>	<u>0</u>	<u>14.541.675</u>
Skuldir við móðurfélag			46.155.596	46.155.596
Aðrar langtímaskuldir			10.874.170	10.874.170
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		1.184.763		1.184.763
	<u>0</u>	<u>1.184.763</u>	<u>57.029.766</u>	<u>58.214.529</u>
2013				
Langtímakröfur		23.286		23.286
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		567.397		567.397
Markaðsverðbréf	234.344			234.344
Handbært fé		9.917.204		9.917.204
	<u>234.344</u>	<u>10.507.887</u>	<u>0</u>	<u>10.742.231</u>
Skuldir við móðurfélag		488.053	45.684.173	46.172.226
Aðrar langtímaskuldir			11.767.017	11.767.017
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		746.811		746.811
	<u>0</u>	<u>1.234.864</u>	<u>57.451.190</u>	<u>58.686.054</u>

Verðtryggingaráhætta

Verðtryggingaráhætta er hættan á að sveiflur í vísitölu neysliverðs hafa áhrif á fjárhagsstöðu og sjóðstreymi verðtryggðra fjármálagerninga. Meirihluti vaxtaberandi skulda félagsins er verðtryggður en meirihluti tekna er í óverðtryggðum bandarískum dollurum (USD).

Næmigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með verðtryggingu

Breyting á vísitölu neysliverðs um 1 prósentustig (100 punkta) myndi (lækka) hækka afkomu um eftirfarandi fjárhæðir eftir tekjuskatt. Greiningin byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breytur haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2013.

	Afkoma	
	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun
31. desember 2014		
Fjármálagerningar með verðtryggingu	(416.024)	416.024
Næmni sjóðstreymis (nettó)	(416.024)	416.024
31. desember 2013		
Fjármálagerningar með verðtryggingu	(407.848)	407.848
Næmni sjóðstreymis (nettó)	(407.848)	407.848

Skýringar, frh.:

29. Fjármálagerningar, frh.:

Önnur markaðsáhætta

Önnur markaðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

Eiginfjárstýring

Félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarkseiginfjárstöðu.

30. Rekstrarleiga

Félagið sem leigutaki

Félagið er með á leigu hluta af flutningsvirkjum innlendra orkufyrirtækja. Leigusamningarnir eru ótímasettir og er útreikningur leiguverðs undir eftirliti Orkustofnunar. Á árinu 2014 námu leigugreiðslur 143 millj. kr. (2013: 166 millj. kr.)

31. Óvissa

Raforkulög

Samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 skal Orkustofnun setja Landsneti hf. tekjumörk og skulu þau sett fyrirfram og fyrir tiltekið tímabil. Fyrst í stað voru þau einungis sett fyrir einstök ár. Á árinu 2006 voru félaginu í fyrsta sinn sett tekjumörk samkvæmt þágildandi lögum fyrir þriggja ára tímabil, árin 2007 – 2009. Tekjumörk fyrir árið 2010 voru ekki sett af Orkustofnun fyrr en í ágúst 2012 og einungis fyrir eitt ár vegna breytinga á raforkulögum, sem tóku gildi í ársbyrjun 2011.

Með lögum nr. 19/2011 voru gerðar nokkrar breytingar á raforkulögum er snéru að tekjumörkum og gilda þær um setningu tekjumarka frá og með árinu 2011. Helstu breytingarnar voru að tekjumarkatímabilið var lengt úr þremur árum í fimm, arðsemi skyldi miðuð við veginn fjármagnskostnað í stað ávöxtunarkröfu fimm ára óverðtryggðra ríkisskuldabréfa, eignagrunni stórnotenda var breytt úr krónum í bandaríska dollara (USD), auk þess sem tekið var tillit til fjárbindingar vegna veltufjármuna. Samkvæmt gildandi raforkulögum skulu arðsemismörk ákvörðuð sérstaklega fyrir stórnotendur annars vegar og dreifiveitur hins vegar. Tekjumörk skulu sett eigi síðar en 15. september árið áður en ný tekjumörk taka gildi og eigi síðar en 1. ágúst ár hvert skulu liggja fyrir uppfærð tekjumörk og uppgjör Orkustofnunar fyrir fyrra ár, sem og rökstuðningur fyrir breytingum ef einhverjar eru. Ein af meginforsendum þess að markmiði raforkulaga um hagkvæmni í rekstri Landsnets, sem stefnt er að með tekjumarkalíkaninu, verði náð er að arðsemin sé ákvörðuð fimm ár fram í tímann.

Ágreiningur hefur verið á milli Orkustofnunar og Landsnets um uppgjör árána 2006 – 2009 vegna túlkunar ákvæða um arðsemisviðmið tekjumarka dreifiveitna. Landsnet hefur í þrígang kært ákvörðun Orkustofnunar um uppgjör fyrir það tímabil til úrskurðanefndar raforkumála, sem ógilti með úrskurði 6. júní 2014 í þriðja skipti ákvarðanirnar og sendi Orkustofnun málið aftur til endurákvörðunar.

Orkustofnun birti 1. október 2012 ákvörðun um veginn fjármagnskostnað sem gilda skyldi frá 1. janúar 2011. Tekjumörk fyrir árin 2011 – 2015 byggð á þeirri ákvörðun voru sett af Orkustofnun þann 28. júlí 2013. Hagsmunaaðilar kærðu ákvörðun Orkustofnunar og ógilti úrskurðanefnd raforkumála hana með úrskurði 2. desember 2013. Ógildingin byggði á því að frekari rök þyrfti við ákvörðun áhættu- og vaxtaálags. Samkvæmt úrskurðinum skal Orkumálastjóri birta nýja ákvörðun um arðsemisviðmið byggða á nýju áliti sérfræðinganeftdar. Sú ákvörðun liggur ekki fyrir og er því óvissa um tekjumörkin fyrir tímabilið.

Það veldur verulegri óvissu í rekstri félagsins að ákvarðanir Orkustofnunar um leyfða arðsemi og tekjumörk skuli ítrekað ekki liggja fyrir á settum tímamörkum í samræmi við ákvæði laga. Félaginu er því ekki kleift að bregðast við ákvörðunum Orkustofnunar með breytingum á gjaldskrá fyrir upphaf hvers tekjumarkaárs.

Ekki er ágreiningur um uppgjör fyrir árið 2010, en óvissa er um tekjumörk árána 2011 – 2014 þar til ákvörðun um veginn fjármagnskostnað liggur endanlega fyrir og veldur það óvissu um stöðu félagsins.

Stórnotendur

Frá árinu 2005 og fram í ágúst 2007 voru tekjur og tekjumörk Landsnets fyrir stórnotendur í íslenskum krónum. Í ágúst 2007 var gjaldskrá stórnotenda færð yfir í bandaríkjadali (USD) að fengnu samþykki Orkustofnunar, án þess að tekjumörkum væri breytt til samræmis.

Skýringar, frh.:

31. Óvissa, frh.:

Í kjölfar gengisfalls íslensku krónunnar á árinu 2008 jukust tekjur Landsnets vegna stórnotenda verulega í íslenskum krónum. Stjórnvöld sýndu vilja til að breyta lögum þannig að tekjumörk fyrir stórnotendur yrðu sett í sama gjaldmiðli og gjaldskráin. Með lögum nr. 19/2011, um breytingu á raforkulögum, var eignagrunni sem grundvallar arðsemi og afskriftir í tekjumörkum stórnotenda breytt yfir í bandaríkjadali miðað við 31. júlí 2007 og þannig myndað jafnvægi á milli tekjumarka og gjaldskrár. Félagið hefur frá árinu 2011 talið sig hafa safnað inneign vegna stórnotenda og gerðu áætlanir þess ráð fyrir að skuldbindingar vegna oftekinna tekna fyrri ára hefðu verið jafnaðar í samræmi við ákvæði laga.

Væntanleg ákvörðun Orkustofnunar um veginn fjármagnskostnað og þar með á tekjumörkum árána 2011 til 2014 gæti breytt þeirri niðurstöðu eins og fram er komið.

Dreifiveitur

Í árslok 2014 er óleystur ágreiningur á milli Landsnets og Orkustofnunar um arðsemi sem nota skal við ákvörðun tekjumarka fyrir dreifiveitur á árunum 2006 – 2009 og hvernig túlka skuli bráðabirgðaákvæði raforkulaga þar um. Niðurstaða liggur ekki fyrir og því er ekki ljóst hver staða tekjumarka dreifiveitna er vegna þessa tímabils, en ágreiningur er um 1,5 milljarð kr. Vegna ákvarðana Orkustofnunar hafði Landsnet höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til að fá úr því skorið hvernig skýra ber umrætt bráðabirgðaákvæði raforkulaga sem gildir fyrir árin 2006 – 2009, en það mál er enn þá í bið meðan beðið er nýrrar ákvörðunar Orkustofnunar. Meðan málið er óútkljáð hefur Landsnet tekið mið af ákvörðun Orkustofnunar við setningu gjaldskrár, þannig að áætluð endurgreiðsla er nú talin 0,3 milljarðar kr.

Væntanleg ákvörðun Orkustofnunar um veginn fjármagnskostnað og þar með á tekjumörkum árána 2011 til 2014 gæti breytt þeirri niðurstöðu eins og fram er komið.

Ákvæði laga um endurgreiðslu

Samkvæmt raforkulögum skal félagið setja gjaldskrá sína þannig að ofteknar tekjur nemi ekki meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum í lok hvers uppgjörárs. Komi í ljós við uppgjör tekjumarka að uppsafnaðar ofteknar tekjur eru umfram þessi mörk skal ná hlutfallinu niður fyrir tilskilin mörk eigi síðar en fyrir lok næsta árs á eftir. Ekki er gert ráð fyrir að ofteknar tekjur séu vaxtareiknaðar eða verðbættar.

Ákvæði laganna gera hvorki kröfu til Landsnets um að afhenda reiðufé eða aðrar eignir vegna oftekinna tekna né kröfu um að félagið afhendi viðbótarþjónustu án endurgjalds. Landsnet byggir gjaldskrárákvarðanir sínar á tekjumörkum með tilliti til endurgreiðsluákvæðisins.

Á grundvelli ákvæða laga og alþjóðlegra reikningsskilastaðla er ekki færð í ársreikninginn skuldbinding vegna hugsanlegra oftekinna tekna árána 2006 – 2014.

32. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Móðurfélag, aðrir hluthafar, dótturfélag, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra í eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Lykilstjórnendur

Auk launa njóta forstjóri og framkvæmdastjórar félagsins framlags í réttindatengda lífeyrissjóði. Auk þess eru bifreiðahlunnindi greidd. Upplýsingar um laun stjórnenda eru í skýringu 9.

Viðskipti við tengda aðila

	2014	2013
Sala á vörum og þjónustu:		
Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess	7.428.440	6.656.405
Aðrir hluthafar	4.900.660	4.765.500
Sala á vörum og þjónustu til tengdra aðila samtals	<u>12.329.100</u>	<u>11.421.905</u>
Kaup á vörum og þjónustu:		
Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess	1.680.357	1.418.704
Aðrir hluthafar	475.008	509.992
Kaup á vörum og þjónustu frá tengdum aðilum samtals	<u>2.155.365</u>	<u>1.928.696</u>

Skýringar, frh.:

32. Tengdir aðilar, frh.:

Auk kaupa á vörum og þjónustu greiddi félagið móðurfélagi sínu vaxtagjöld af lántökum að fjárhæð 1.859 millj. kr. (2013: 1.802 millj. kr.).

Staða í árslok

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

	2014		2013	
	Kröfur	Skuldir	Kröfur	Skuldir
Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess	702.735	0	0	(488.053)
Aðrir hluthafar	543.582	0	398.764	(14.252)
Samtals	<u>1.246.317</u>	<u>0</u>	<u>398.764</u>	<u>(502.305)</u>

Aðrar kröfur og skuldir við tengda aðila greinast þannig:

	2014	2013
Vaxtaberandi skuld við móðurfélag, sbr. skýringu 23	44.692.176	44.235.700
Áfallnir vextir við móðurfélag	1.463.420	1.448.473
Samtals	<u>46.155.596</u>	<u>45.684.173</u>

33. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins:

Rekstur:	2014	2013
Rekstrarhagnaður (EBIT)	6.174.152	6.567.748
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	9.141.882	9.165.669
Efnahagur:		
Veltufjárlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	3,63	3,12
Eiginfjárlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	23,5%	19,9%
Arðsemi eigin fjár	24,4%	16,5%

Tekjur félagsins eru ákvarðaðar samkvæmt 12 gr. raforkulaga og byggjast meðal annars á ákvörðun um arðsemi. Arðsemisviðmið samkvæmt lögnum er ákvarðað miðað við fjármagnskostnað á markaði og tiltekna fjármagnsskipan. Ávöxtun reiknaðs eigin fjár samkvæmt settum tekjumörkum fyrir árið 2014 var 13,6% (2013: 9%). Eiginfjárlutfall félagsins er nokkru lægra en gert er ráð fyrir í arðsemisviðmiðum, en arðsemi eiginfjár félagsins miðað við forsendur tekjumarkna er í takt við markmið sem ákvörðuð arðsemi byggir á.

34. Grundvöllur matsaðferða

Reikningsskil félagsins byggjast á kostnaðarverði, að eftirfarandi liðum undanskildum:

- Flutningsnet félagsins er fært á endurmetnu verði, sem var gangvirði þess á endurmatsdegi í árslok 2008.
- Fjármálagæringar á gangvirði gegnum rekstrareikning eru færðir á gangvirði.

35. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

Eftirfarandi efnisyfirlit sýnir á hvaða blaðsíðu má finna mismunandi mikilvægar reikningsskilareglur.

a. Erlendir gjaldmiðlar	26
b. Fjármálagerningar	26
c. Rekstrarfjármunir	27
d. Óefnislegar eignir	28
e. Eignarhlutur í dótturfélagi	28
f. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi	29
g. Birgðir	29
h. Virðisrýrnun	29
i. Hlunnindi starfsmanna	29
j. Skuldbindingar	30
k. Tekjur	30
l. Leigugreiðslur	30
m. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	30
n. Tekjuskattur	30
o. Hagnaður á hlut	30
p. Starfspáttayfirlit	30
q. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim	31

a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsgengi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem þannig myndast er færður í rekstrarreikning.

b. Fjármálagerningar

(i) Fjáreignir aðrar en afleiðusamningar

Lán, kröfur og handbært fé eru færð á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjáreignir, þ.m.t. fjáreignir metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning, eru upphaflega færðar á þeim degi sem félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

Fjáreignir eru afskráðar ef samningsbundinn réttur félagsins að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef félagið framselur rétt til sjóðstreymis af eigninni til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldinu felst. Hluta af framseldum fjáreignum sem stofnað er til eða haldið eftir af félaginu er sérgreint í ársreikningi sem eign eða skuld.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur félagsins er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignina og gera upp skuldina á sama tíma.

Félagið flokkar fjáreignir aðrar en afleiðusamninga í eftirfarandi flokka: fjáreignir metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning og lán og kröfur.

Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning

Fjáreignir eru flokkaðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning séu þær veltufjáreign eða ef þær eru tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjáreignir eru tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir félagsins um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra í samræmi við skrásetta áhættustýringu félagsins eða fjárfestingastefnu. Við upphaflega skráningu er beinn viðskiptakostnaður færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar þaðan í frá eru færðar í rekstrarreikning. Markaðsverðbréf eru færð á gangverði gegnum rekstrarreikning.

35. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

Lán og kröfur

Lán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum og sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

Lán og kröfur samanstanda af viðskiptakröfum og öðrum skammtímakröfum.

Til handbærs fjár telst sjóður og óbundnar bankainnistæður sem eru til ráðstöfunar innan þriggja mánaða.

(ii) Fjárskuldir aðrar en afleiðusamningar

Skuldabréf eru færð á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjárskuldir, þ.m.t. skuldir metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru upphaflega færðar á þeim viðskiptadegi þegar félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

Félagið afskráir fjárskuld þegar samningsbundnum skyldum vegna skuldagerningsins er lokið, þær felldar niður eða falla úr gildi.

Félagið flokkar fjárskuldir aðrar en afleiðusamninga sem aðrar fjárskuldir. Slíkar skuldir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru þessar fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Til fjárskulda félagsins annarra en afleiðusamninga teljast: lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

(iii) Hlutfé

Hlutfé er flokkað sem eigið fé. Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð til lækkunar á eigin fé.

c. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir félagsins eru færðir til eignar á kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálf innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun og eignfærðan fjármagnskostnað. Aðkeyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur hluti til að starfrækja viðkomandi rekstrarfjármuni er færður til eignar sem hluti af kostnaðarverði þeirra. Jafnframt er við ákvörðun kostnaðarverðs tekið tillit til áætlaðs kostnaðar við niðurlagningu eignanna og kostnaðar sem kann að falla til við lagfæringu á þeim stað þar sem eignirnar voru.

Þegar einstakir hlutir rekstrarfjármunar hafa ólíkan nýtingartíma eru þeir aðgreindir í bókhaldi og færðir sérstaklega.

Í samræmi við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli eru línur og tengivirki félagsins færð samkvæmt endurmatsaðferð. Þannig eru línur og tengivirki félagsins skráð á endurmetnu verði, sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum endurmetnum afskriftum frá þeim tíma sem eigna var aflað. Endurmat þessara eigna mun verða framkvæmt með reglubundnum hætti, þegar stjórnendur meta það að verulegar breytingar hafi orðið á gangvirði eignanna m.a. vegna utanaðkomandi þátta. Allar verðmatshækkningar vegna þessa endurmats eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskattsáhrifum. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Línur og tengivirki voru síðast endurmetin í árslok 2008.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna, sem er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar, er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna, en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

Skýringar, frh.:

35. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

(ii) Flutningsvirki í byggingu

Flutningsvirki í byggingu eru færð til eignar á því verði sem svarar til aðkeyprtar þjónustu, efnis, beins launakostnaðar og annars beins kostnaðar. Eignir sem ekki hafa verið teknar í notkun eru ekki afskrifaðar. Fjármagnskostnaður vegna fjármögnunar á kostnaðarverði flutningsvirkja í byggingu er eignfærður á byggingartíma og talinn hluti af kostnaðarverði eignarinnar. Eignfærður fjármagnskostnaður er veginn meðalfjármagnskostnaður félagsins á byggingartímanum.

(iii) Leigðar eignir

Leigusamningar félagsins eru skilgreindir sem rekstrarleigusamningar og eru leigðar eignir ekki færðar í efnahagsreikning félagsins.

(iv) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(v) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Tengivirki	20 - 40 ár
Háspennulínur	20 - 50 ár
Fasteignir	50 ár
Skrifstofuáhöld, tæki og aðrar eignir	4-10 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi.

d. Óefnislegar eignir

(i) Undirbúningskostnaður

Undirbúningskostnaður er eignfærður meðal fastafjármuna. Hér er aðallega um að ræða kostnað vegna kannana á línustæðum, undirbúnings lagningar flutningsmannvirkja og kostnað tengdan vinnu við umhverfismat vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Félagið hefur samið um að ef ekki verði af framkvæmdum, beri væntanlegir raforkukaupendur útlagðan kostnað vegna þessarar vinnu. Fjármagnskostnaður vegna verkefna sem eru í undirbúningi er eignfærður og er talinn hluti af undirbúningskostnaðinum. Þetta á þó ekki við um verkefni sem eru í bið umfram eðlilegt ferli verkefnisins. Kostnaður er ekki afskrifaður á þessu stigi heldur hefur verið tekið tillit til mögulegrar virðisrýrnunar eins og fram kemur í skýringu 35h.

Þegar ákvörðun um lagningu flutningsmannvirkis hefur verið tekin og öll tilskilin leyfi hafa fengist, er undirbúningskostnaður eignfærður sem flutningsmannvirki í byggingu.

Á hverjum reikningsskiladegi er eignfærður undirbúningskostnaður yfirfarinn af stjórnendum með tilliti til skilyrða reikningsskilareglna um eignfærslu og virðisrýrnun færð ef talið er að forsendur séu ekki lengur til staðar.

Útlagður kostnaður við almennar rannsóknir er gjaldfærður þegar hann fellur til.

(ii) Hugbúnaður og aðrar óefnislegar eignir

Hugbúnaður og aðrar óefnislegar eignir eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma. Nýtingartími hugbúnaðar er 4 ár.

e. Eignarhlutur í dótturfélagi

Félagið á dótturfélagið Landsnet ehf. Ekki er gerður samstæðureikningur og er eignarhluturinn færður á upphaflegu kostnaðarverði. Engin starfsemi hefur verið í dótturfélaginu frá stofnun. Hlutfélagið er 500 þús. kr.

Skýringar, frh.:

35. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

f. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi

Hlutdeildarfélag er félag þar sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður 20-50% atkvæðisréttar. Hlutdeildarfélag er fært í ársreikninginn með hlutdeildaraðferð og er í upphafi fært á kostnaðarverði. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild í afkomu og eiginfjárhreyfingum hlutdeildarfélags frá upphafi áhrifa til loka þess. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

g. Birgðir

Rekstrarvöru- og varahlutabirgðir eru færðar á kostnaðarverði. Úreltar og ónýtar birgðir eru gjaldfærðar. Kostnaður við birgðir er byggður á „fyrst inn - fyrst út“ reglunni (FIFO) við birgðamat og tekur til kostnaðar sem stofnað hefur verið til við kaup birgðanna og við að koma þeim á staðinn og í notkunarhæft ástand.

h. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Virði fjáreignar telst hafa rýrnað ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af viðkomandi eign verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti hins vegar.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega hver fyrir sig með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum.

Virðisrýrnun fjáreigna er færð í rekstrarreikning.

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna, að undanskildum birgðum, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni. Virðisrýrnun endurmats eigna er færð til lækkunar á endurmatsreikningi að því marki sem nemur endurmati vegna þeirrar eignar.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

i. Hlunnindi starfsmanna

(i) Iðgjaldatengd lífeyriskerfi

Félagið greiðir iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Félagið ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi eftir því sem þau falla til.

(ii) Réttindatengd lífeyriskerfi

Samkvæmt samningi félagsins við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR) skulu skuldbindingar vegna starfsmanna félagsins sem eiga aðild að LSR gerðar upp árlega. LSR metur sérstaklega í árslok núvirta áfallna lífeyrisskuldbindingu sem myndast hefur á því ári og dregur frá útreiknaðri fjárhæð iðgjöld sem starfsmenn og félagið hafa greitt sjóðnum vegna áunninna réttinda á árinu. Mismunurinn er gjaldfærður í rekstrarreikningi og greiddur árlega. Tryggingafræðilegt mat skal miðað við að áfallin skuldbinding vegna ársins sé reiknuð til núvirðis í árslok með þeim ársvöxtum, sem almennt eru notaðir við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða, nú 3,5%.

Skýringar, frh.:

35. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

j. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar félaginu ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfrjáflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

(i) Niðurrifsskuldbinding

Félagið hefur áætlað kostnað við niðurrif núverandi línustæða. Niðurrifskostnaðurinn hefur verið núvirtur miðað við áætlaðan líftíma háspennulína félagsins og er núvirt fjárhæð færð annars vegar til hækkunar á viðkomandi eign og hins vegar sem skuldbinding í efnahagsreikningi.

k. Tekjur

Tekjur vegna flutnings raforku eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu orkunnar á árinu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu vöru eða þjónustu. Félaginu eru sett tekjumörk á grundvelli 12. gr. raforkulaga nr. 65/2003.

l. Leigugreiðslur

Leigugreiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar í rekstrarreikning með línulegum hætti á leigutímanum.

Eignaleiga sem svarar til fjármagnskostnaðar og afskrifta á árinu vegna afnota af flutningsmannvirkjum raforkufyrirtækja er gjaldfærð í ársreikningnum. Leigugjaldið er undir eftirliti Orkustofnunar.

m. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning, söluhagnaði af eignarhlutum í hlutdeildarfélagum og gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum sem er færður í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar niðurrifsskuldbindingar, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning og virðisrýrnun fjáreigna. Lántökukostnaður eru færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

n. Tekjuskattur

Tekjuskattur á afkomu ársins er frestaður tekjuskattur. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir í yfirlit um heildarafkomu eða beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður með sama hætti.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörstegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Tekjuskattshlutfall félagsins er 20%.

o. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjöldi útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

p. Starfspáttayfirlit

Samkvæmt raforkulögum er félaginu einungis heimilt að annast flutning á raforku og kerfisstjórnun á Íslandi, auk þess sem því er heimilt að starfrækja raforkumarkað. Félagið hefur ekki hafið starfrækslu raforkumarkaðar og lítur á núverandi starfsemi sem einn starfspátt og er því ekki birt starfspáttayfirlit.

Skýringar, frh.:

35. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

q. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim

Félagið hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest í árslok 2014 og gilda um árið 2014 og eiga við um starfsemi þess. Félagið hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi eftir árslok 2014, en heimilt er að taka upp fyrr. Áhrif þess á reikningsskil félagsins hafa ekki verið metin að fullu en talið að þau séu óveruleg.

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn og stjórnarhættir Landsnets hf.

Hlutverk Landsnets samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 er að reka flutningskerfi raforku og annast kerfisstjórnun. Fyrirtækinu ber að tryggja og viðhalda hæfni flutningskerfisins til lengri tíma og tryggja rekstraröryggi raforkukerfisins. Landsnet á einnig að sjá til þess að jafnvægi sé á milli framboðs og eftirspurnar rafmagns á hverjum tíma og annast uppgjör orkuflæðis á landsvísu. Þá á fyrirtækið að stuðla að því að efla virkni raforkumarkaðarins.

Stjórnarhættir

Stjórn Landsnets hf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í mars 2012. Stjórn setur sér starfsreglur, þar sem valdssvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Núverandi starfsreglur voru staðfestar á stjórnarfundum Landsnets 27. júní 2013 og eru aðgengilegar á aðalskrifstofu fyrirtækisins.

Innra eftirlit og áhættustýring

Til að tryggja að reikningsskil Landsnets séu í samræmi við góða reikningsskilavenju hefur félagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið, eðlilega aðgreiningu starfa, ásamt reglulegri skýrslugjöf og gegnsæi í starfsemi. Mánaðarleg skýrslugjöf ásamt rýni fyrir einstakar deildir er mikilvægur þáttur í eftirliti með afkomu og öðrum lykildættum starfseminnar. Mánaðarleg uppgjör eru unnin og lögð fyrir stjórn félagsins. Stjórn hefur eftirlit með fjármálagrepi áhættu félagsins og fær reglubundna skýrslugjöf um hana. Upplýsingar um áhættustýringu má finna í skýringu nr. 29 í ársreikningi félagsins.

Gildi félags og siðareglur

Starfsmönnum ber að hafa gildi Landsnets að leiðarljósi í öllum störfum sínum og athöfnum. Gildin taka mið af hlutverki og framtíðarsýn fyrirtækisins og eru grundvöllur þess fyrirtækjabrags sem sóst er eftir. Gildi Landsnets eru: áreiðanleiki, framsækni, hagsýni og virðing. Megininntak þeirra er sem hér segir:

- Áreiðanleiki. Við sýnum sjálfstæði um leið og við gætum trúnaðar og jafnræðis gagnvart viðskiptavinum. Í allri framgöngu okkar og vinnubrögðum sýnum við heilindi og samviskusemi.
- Framsækni. Við tökum frumkvæði, leitum tækifæra og vinnum að stöðugum umbótum. Við erum skapandi og þróum aðferðir og lausnir sem örva samkeppni. Við leggjum metnað okkar í skjóta og markvissa úrlausn verkefna.
- Hagsýni. Við sýnum ráðdeild, förum vel með aðföng og fjármuni og höfum arðsemismarkmið að leiðarljósi.
- Virðing. Við setjum viðskiptavininn í öndvegi, berum virðingu fyrir umhverfinu og drögum úr óæskilegum áhrifum starfseminnar. Við berum virðingu fyrir samstarfsmönnum og skoðunum þeirra og gerum ekki málamiðlanir þegar öryggi einstaklinga er annars vegar.

Siðareglur Landsnets voru samþykktar á stjórnarfundum 25. júlí 2005 og eiga að stuðla að heiðarleika, réttssýni og sanngirni starfsfólks gagnvart hvert öðru, gagnvart fyrirtækinu og viðskiptavinum þess. Reglunum er einnig ætlað að efla traust og tiltrú viðskiptavina og almennings á Landsneti og að takmarka hættuna á því að álit almennings á Landsneti bíði hnekki. Það er mat stjórnar Landsnets að skýrar siðareglur, sem hafðar eru í heiðri í daglegum störfum, séu grunnur að velgengni og framtíðarvexti fyrirtækisins. Siðareglur Landsnets ná til allra starfsmanna félagsins, einnig til stjórnarmanna og forstjóra. Siðareglur Landsnets hf. eru aðgengilegar á aðalskrifstofu félagsins.

Landsnet leggur áherslu á sterka samfélagsvitund. Í stefnumiðum félagsins segir að við uppbyggingu flutningskerfisins beri að hafa í huga þjóðhagslegan ávinning og að óæskileg áhrif starfseminnar á umhverfið séu lágmarkuð. Að Landsnet standi við skuldbindingar sínar og styðji verkefni sem tengjast starfsemi fyrirtækisins og eru til þess fallin að styrkja samfélagið.

Stjórnskipulag Landsnets

Helstu einingar í stjórnskipulagi Landsnets eru stjórn og framkvæmdastjórn félagsins. Þá gegna tvær nefndir skipaðar af stjórn, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd, veigamiklum hlutverkum.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Í samræmi við ákvæði í lögum um stofnun Landsnets nr. 75/2004 og raforkulögum nr. 65/2003 skulu stjórnarmenn í félaginu vera að öllu leyti óháðir vinnslu-, dreifingar- og sölufyrirtækjum raforku, hvort sem slík fyrirtæki eru eigendur félagsins eður ei. Er þetta gert til að fullnægja lögbundnum kröfum um að flutningsfyrirtækið gæti fyllsta hlutleysis og jafnræðis í starfsemi sinni.

Vegna hinnar sérstöku stöðu félagsins skv. III. kafla raforkulaga og ríkra skyldna til þess að gæta hlutleysis og jafnræðis skal áréttað að hluthöfum er óheimilt að skipta sér af einstökum úrlausnarefnum er varða starfrækslu Landsnets hf.

Afskipti hluthafa skulu að meginstefnu til takmarkast við almennar stefnumarkandi ákvarðanir á reglulegum hluthafafundum, t.a.m. um fjárhagsleg markmið rekstrar félagsins.

Stjórn

Stjórn Landsnets hf. hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Stjórnin ber ábyrgð á stefnumótun félagsins og stærri ákvörðunum á milli hluthafafunda sem m.a. eru tilgreindar í starfsreglum stjórnar. Hún hefur eftirlit með öllum rekstri félagsins og fylgir því eftir að starfsemin sé að jafnaði í réttu og góðu horfi. Hún tryggir að nægilegt eftirlit sé haft með meðferð fjármuna félagsins og góð regla sé á bókhalda og uppgjöri. Stjórnin ræður forstjóra félagsins, en kjör hans eru ákvörðuð af Kjararáði.

Í stjórn Landsnets eru kjörnir þrír aðalmenn en þeir eru:

Geir A. Gunnlaugsson, formaður stjórnar

Geir A. Gunnlaugsson er fæddur 30. júlí 1943 og er til heimilis í Reykjavík. Hann stundaði nám í vélaverkfræði við Háskóla Íslands, lauk M. Sc. prófi í vélaverkfræði frá Tækniháskóla Danmerkur og síðan Ph. D. prófi frá Brown University í Bandaríkjunum. Hann var prófessor í vélaverkfræði við Verkfræðideild Háskóla Íslands á árunum 1975 til 1986. Hann var framkvæmdastjóri Kísilmálmvinnslunnar á Reyðarfirði 1983 – 1987, framkvæmdastjóri Marel 1987 – 1999, framkvæmdastjóri Hæfis og stjórnarformaður Reyðaráls 2000 – 2002 og framkvæmdastjóri Sæplasts/Promens 2003 – 2006. Geir hefur setið í samninganefndum stjórnvalda um orkufrekan iðnað og sat í stjórn Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar á árunum 1988 – 1997, þar af stjórnarformaður 1989 – 1997. Geir hefur setið í stjórnnum fjölmargra fyrirtækja, bæði innlendra og erlendra, samtaka og stofnana og hefur víðtæka reynslu af rekstri fyrirtækja bæði hérlendis og erlendis. Geir hefur setið í stjórn Landsnets frá 31. mars 2011.

Svana Helen Björnsdóttir, stjórnarmaður

Svana Helen Björnsdóttir er fædd 20. desember 1960 og er til heimilis á Seltjarnarnesi. Hún stundaði nám í rafmagnsverkfræði við Háskóla Íslands og síðan framhaldsnám í rafmagnsverkfræði við Technische Universität Darmstadt í Þýskalandi, þaðan sem hún lauk Dipl.-Ing. meistaraþrófi í raforkuverkfræði árið 1987. Svana hefur einnig lokið námi í rekstrarverkfræði við Háskóla Íslands og hlotið alþjóðleg starfsréttindi sem vottaður IRCA úttektarmaður stjórnkerfa fyrirtækja sem byggja á alþjóðlegum stöðlum. Svana stofnaði fyrirtækið Stika árið 1992 og árið 1996 stofnaði hún dótturfyrirtækið Stiki Ltd. í Bretlandi. Svana er nú starfandi stjórnarformaður Stika en starfaði áður sem forstjóri fyrirtækisins og sérfræðingur á sviði upplýsingatækni og hugbúnaðarverkfræði í margvíslegum verkefnum fyrir bæði fyrirtæki og stofnanir. Hún hefur verið tilsjónarmaður stjórnvalda með ýmsum verkefnum er lúta að vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Hún hefur mikla reynslu af fyrirtækjarekstri, alþjóðlegu samstarfi og útflutningi. Svana var formaður Samtaka iðnaðarins 2012-2014. Á sama tíma var hún einnig formaður stjórnar Akks SI, og í framkvæmdastjórn og stjórn Samtaka atvinnulífsins. Hún hefur einnig setið í stjórnnum ýmissa annarra félaga og stofnana, þar á meðal Haga hf., Persónuverndar, Verkfræðingafélags Íslands, Samtaka sprotafyrirtækja, háskólaráði Háskólans í Reykjavík og Skýrslutækni félags Íslands. Hún hefur átt sæti í fagráðum Tæknipróunarsjóðs og Rannsóknarsjóðs RANNÍS. Svana var um árabíl fulltrúi Íslands í Council of European Professional Informatics Societies. Svana er stjórnarformaður hugbúnaðarfyrirtækisins Manna og músa ehf., stjórnarmaður í Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda, Samtökum sparifjäreigenda, Vísinda- og tækniráði og Hátækni- og sprotavettvangi, sem er samráðsvettvangur stjórnvalda og atvinnulífs. Svana Helen hefur setið í stjórn Landsnets frá 31. mars 2009.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Ómar Benediktsson, stjórnarmaður

Ómar Benediktsson er fæddur 22. október 1959 og er til heimilis í Reykjavík. Hann stundaði nám í Háskóla Íslands og útskrifaðist sem cand oecon. af fyrirtækjasviði við viðskiptafræðideild skólans. Starfaði við stjórnunarstörf í ferða- og flugmálum í 30 ár, m.a. hjá Islands Tours, Íslandsflugi og Air Atlanta. Hefur setið í fjölda stjórna og ráða á því sviði, s.s. í Flugráði og Ferðamálaráði, setið í nefnd um framtíðarstefnu í ferðamálum og verið varaformaður stjórnar Icelandair Group hf. Hefur komið mikið að landkynningarmálum og setið í fjölda nefnda því tengdu, s.s. formaður markaðsnefndar Ferðamálaráðs og formaður Iceland Naturally kynningarátaksins og verði þáttkandi í fjölda viðburða því tengdu. Stofnaði fyrstu sérhæfðu ferðaheildsölu með ferðir til Íslands í íslenski eigu í Þýskalandi og síðar í fleiri löndum á meginlandi Evrópu. Sat í undirbúningsnefnd að stofnun Samtaka ferðapjónustunnar og sat í uppstillingarnefnd samtakanna fyrstu árin. Hafði forgöngu um stofnun nokkurra fyrirtækja í ferðapjónustu, s.s. Fosshótel. Fyrsti formaður Ríkisútvarpsins ohf. og sat í stjórn Blue Bird Cargo og Pennans í nokkur ár. Ómar hefur lengst af stundað alþjóðleg viðskipti og hefur langa reynslu af alþjóðlegum rekstri og fjölþjóðlegum samskiptum um allan heim. Í byrjun árs 2012 skipti hann um starfsvettvang og er nú framkvæmdastjóri Farice ehf. sem sér um fjarskiptasamband Íslands við umheiminn og stuðlar að uppbyggingu gagnaversiðnaðar á Íslandi. Ómar hefur setið í stjórn Landsnets frá 29. mars 2012.

Varamaður í stjórn er Svava Bjarnadóttir.

Stjórnin hélt 15 fundi á árinu 2014. Nefndin var fullskipuð á þeim fundum að tveimur fundum frásildum en þá var einn nefndarmaður fjarverandi á hvorum fundi. Varamaður stjórnar sat tvo fundi.

Framkvæmdastjórn Landsnets

Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri frá ársbyrjun 2015, situr í framkvæmdastjórn

Guðmundur Ingi er fæddur í Reykjavík 1955. Hann lauk prófi í rafmagnsverkfræði 1980 frá Háskóla Íslands og meistaraþrófi í raforkuverkfræði 1982 frá Danmarks Tekniske Universitet (DTU). Guðmundur Ingi réðst til Landsvirkjunar árið 1982 og starfaði sem verkfræðingur í rekstrardeild, síðar yfirverkfræðingur og deildarstjóri kerfisdeildar frá árinu 1993. Kerfisstjóri Landsnets frá stofnun þess 1. janúar 2005. Framkvæmdastjóri kerfisstjórnar frá 1. nóvember 2005. Guðmundur Ingi var aðstoðarforstjóri Landsnets frá 1. janúar 2008 og forstjóri frá 1. janúar 2015.

Þórður Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri, sat í framkvæmdastjórn

Þórður er fæddur 2. október 1949 og er til heimilis í Garðabæ. Hann stundaði nám í lönskólanum í Reykjavík, Tækniskóla Íslands, Háskóla Íslands og Tækniháskólanum í Þrándheimi, en þar lauk hann námi í rafmagnsverkfræði 1978. Þórður hóf störf hjá Landsvirkjun 1978, starfaði sem verkfræðingur í rekstrardeild fyrstu árin, síðan sem yfirverkfræðingur þar til hann var ráðinn rekstrarstjóri 1992. Við skipulagsbreytingar 1997 tók hann við stöðu framkvæmdastjóra flutningssviðs og gegndi þeirri stöðu þar til hann var ráðinn forstjóri Landsnets frá 1. janúar 2005. Þórður gegndi stöðu forstjóra Landsnets hf. frá 1. janúar 2005 til 31. desember 2014.

Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins. Hann fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum félagsins sem ekki eru falin öðrum skv. lögum nr. 2/1995 og samþykktum félagsins. Forstjóri stendur fyrir rekstri félagsins í samræmi við reglur eða ákvarðanir stjórnar, samkvæmt samþykktum þess og lögum. Forstjóri ritar firma félagsins og hefur prókúru fyrir það. Forstjóra er heimilt að veita öðrum starfsmönnum félagsins umboð til að fara með afmarkaðar heimildir starfsskyldu sinnar að fengnu samþykki stjórnar félagsins. Forstjóri ber ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættum sem starfsemiinni fylgja. Honum ber að viðhalda skipuriti sem skýrt tilgreinir ábyrgðarsvið, heimildir starfsmanna og boðleiðir innan félagsins. Forstjóri skal móta markmið fyrir innra eftirlit í samráði við stjórn félagsins og fylgjast með því að það eftirlitskerfi sé skilvirkt. Forstjóri undirbýr fundi stjórnar ásamt formanni hennar og gefur stjórninni reglulega skýrslu um störf og hag félagsins.

Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjármála er auk þess í framkvæmdastjórn Landsnets hf.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Endurskoðunarnefnd

Í núverandi endurskoðunarnefnd Landsnets hf. sitja:
Ólafur Nilsson, endurskoðandi, formaður.
Geir A. Gunnlaugsson, stjórnarformaður Landsnets hf.
Svava Bjarnadóttir, varamaður í stjórn Landsnets hf.

Endurskoðunarnefnd Landsnets hf. hefur sett sér starfsreglur og er hlutverk hennar skilgreint í þeim en þar segir: Endurskoðunarnefnd skal meðal annars hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, innri endurskoðun ef við á og áhættustýringu.
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings félagsins.
- Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis félagsins og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.

Þá gerir nefndin tillögur að úrbótum og tekur til umfjöllunar mál að beiðni stjórnar. Endurskoðunarnefnd setur fram tillögu til Ríkisendurskoðunar um löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki fyrir félagið ár hvert.

Nefndin hélt 7 fundi á árinu 2014 og var nefndin fullskipuð á þeim fundum.

Starfskjaranefnd

Stjórn Landsnets hf. fer með hlutverk starfskjaranefndar. Landsnet hf. hefur sett fram starfskjarastefnu sem samþykkt var á aðalfundi félagsins 31. mars 2011. Starfskjarastefnan er aðgengileg á heimasíðu félagsins. Málafni tengd starfskjaranefnd eru tekin fyrir á stjórnarfundum þegar við á.